



Stjórnarfundur 9. júlí 2013, nr. 21

Fundurinn er haldinn á Vonarlandi á Egilsstöðum.

Mætt: Valdimar O. Hermannsson, Anna Dóra Helgadóttir, Auður Ingólfadóttir, Stefán Bogi Sveinsson sem tilkynnir að hann þurfi að víkja af fundi um kl.16, Rögnvaldur Ólafsson, Sverrir Mar Albertsson, Þórunn Eymundadóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir boðar seinkun á fundinn, mætir kl. 15.35 . Einnig Karl Sölvi Guðmundsson framkvæmdastjóri og fundarritari Bergþóra Arnórsdóttir.

Valdimar setur fund klukkan 15.05, býður fundarmenn velkomna og gengur til dagskrár.

Dagskrá:

- 1. Fundargerðir stjórnar- og framkvæmdaráðs staðfestar og undirritaðar.**
- 2. Skýrsla framkvæmdastjóra um stöður mála.**
 - a. Starfsmannamál-auglýsingar-umsóknir
 - b. Höfn - samstarf og möguleg slit
 - c. Seyðisfjörður –miðstöð menningarfræða,áframhald
 - d. Hússnæðismál á Egilsstöðum - staða mála og næstu skref.
 - e. Tillögur að breyttu skipulagi stoðþjónustu/skipurit Abr.
- 3. Sumarfundur landshlutasamtaka í júní, SSA/Austurbrú ses.**
- 4. Upplýsingar og ímynd/kynning Austurbrúar og Austurlands.**
- 5. Önnur mál, erindi og bréf.**
 - a. **Næsti fundur stjórnar.**

1. Undirritun og staðfesting fundargerða stjórnar og framkvæmdaráðs.

Láðst hafði að staðfesta lokaeyntak hjá nokkrum stjórnarmönnum og því hefur fundargerðin ekki verið birt á heimasíðu. Verklagsreglur gera ráð fyrir að meirihluti stjórnar þurfi að staðfesta lokaútgáfu áður en fundargerðin er birt á heimasíðu. Framkvæmdaráð hefur ekki fundað formlega á tímabilinu.

2. Skýrsla framkvæmdastjóra.



a. Starfsmannamál, auglýsingar og umsóknir.

Stöður þriggja verkefnastjóra hafa verið auglýstar; fræðslusvið á Vopnafirði, markaðssvið-upplýsingamiðstöð, markaðs- og þróunarsvið. Umsóknir hafa verið flokkaðar og verið er að taka viðtöl. Markmið er að tengja saman svið með því að ráða verkefnastjóra sem sinnir markaðs- og þróunarsviði varðandi markaðssetningu Austurlands með áherslu á Egilsstaðaflugvöll .

Aðrar þrjár stöður hafa verið auglýstar, fulltrúi fjármála, móttökuritari og verkefnastjóri vegna Miðstöðvar menningarfræða. Umræður um starfsmannamál, framkvæmdastjóri tekur fram að leitast er við að hafa tvo starfsmenn á hverri starfsstöð ef kostur er.

Auður vekur athygli á að óánægja er meðal ferðaþjónustuaðila með að ekki hafi verið auglýst starf á Árnýjar á markaðssviði. Verkefnastjórarstarf sem auglýst er nú á markaðs- og þróunarsviði ætti að koma til móts við þessar óskir að hluta. Karl bendir á að um neyðartilfelli hafi verði að ræða og stuttur fyrirvari krafðist þess að bregðast þurfti strax við.

Arnbjörg mætir til fundar.

b. Höfn- samstarf og möguleg slit.

Formlegt erindi hefur borist frá bæjarstjórn Hornafjarðar um að þeir óski eftir að slíta samstarfi við Austurbrú varðandi framhaldsfræðslu, háskólanám og rannsóknir. Unnið er að því að þessi starfsemi færist til Suðurlands og rökstuðningur fyrir því er kynntur í bréfi. Slit eru væntanleg um næstu áramót þegar núverandi samningur við mennta- og menningarmálaráðuneyti rennur út.

c. Miðstöð menningarfræða á Austurlandi.

Farið hefur verið yfir skiplagsskrá og samning. Karl hefur lagt fram tillögu að breytingum á samningi sem kynntar hafa verið og ræddar við Vilhjálm Jónsson bæjarstjóra á Seyðisfirði sem kynnir hana fyrir bæjarstjórn. Fjármögnun fyrir starfinu er trygg fram á árið 2014 en er ekki nægileg fyrir fullu stöðugildi sem kallar á breytingar á samningnum.



d. Húsnæðismál á Egilsstöðum, staða mála og næstu skref.

Farið hefur verið yfir marga þætti og ljóst að mál ganga heldur hægar en gert var ráð fyrir. Stefnt er að breytingum á samningum um næstu áramót. Samningar varðandi kostnað eru mismunandi við núverandi leigjendur sem gerir málið flóknara. Umræður um sameign, kostnað við sameign, þörf fyrir skrifstofurými og kennslurými. Kostnaður við rýmið sem Austurbrú þarf er 8,4 milljónir á ári, viðbótarkostnaður um 1,7 milljónir miðað við núverandi leiguverð og pláss. Á móti kemur að húsnæði að Miðvangi verður leigt eða selt.

e. Tillögur að breyttu skipulagi stoðþjónustu/skipuriti Abr.

Karl fer yfir núverandi skipurit og fjallar um verkefnadrifið fyrirtæki eins og hann sér fyrir sér að Austurbrú verði. Hann leggur fram tillögu að skipuriti þar sem lagt er til að málaflokkar vinni meira saman og stoðsviði verði bætt við. Miklar umræður skapast um málaflökka og hvernig skipuritið virkar. Rætt hvort breytinga sé þörf til að styrkja starfsemina. Karl óskar eftir að stjórn samþykki að sérstök rekstrareining stoðsviðs verði stofnuð innan Austurbrúar, allir samþykkir.

Stefán Bogi vikur af fundi kl. 16.20 eins og hann hafði boðað við upphaf fundar.

3. Sumarfundur landshlutasamtaka í júní.

Valdimar fer yfir það sem rætt var um á sumarfundum landshlutasamtaka sem hann og Karl fóru á í júní. Hann var haldinn á vegum Eyþings að þessu sinni. Fundurinn var mjög gagnlegur, flott dagskrá og vel lukkuð ferð. Vakin var sérstök athygli á Austurbrú og hvernig staðið hefur verið að málum í öðrum landshlutum varðandi stoðþjónustu. Allir virðast vera að stefna í þá átt að sameina stoðstofnanir en leiðir eru mismunandi og margir eru að styrkja landshlutasamtökin með því að setja fjármagn sóknaráætlana og aðra fjármögnun undir sveitarstjórnarstigið. Ólík sýn kom fram á sumarfundinum um fyrirkomulag sameininga.

4. Upplýsingar og ímynd/kynning Austurbrúar og Austurlands.



Valdimar fór yfir umræðu sem hann hefur átt um ímynd Austurbrúar og hvernig sameiningin hefur verið kynnt og hvað þurfi að skoða í sambandi við kynningarmál, kynna þarf betur hvað er verið að gera í stofnuninni. Skoða þarf kynningarmál og hvort einhverjir þurfi að hafa það sem formlegt hlutverk að kynna Austurbrú. Nú er komið af stað mánaðarlegt fréttabréf en auka þarf kynningu í samfélaginu. Safna þarf netföngum og setja reglulega fréttir á póstlistann.

Verið er að vinna að þarfagreiningu fyrir heimasíðu og stofnaður hefur verið hópur til að vinna að því. Þórunn nefnir að hún hafi lista yfir aðila sem gera vefsíður sem hún er tilbúin að láta hópinn hafa. Karl sýnir myndband til kynningar á atvinnuþróunarfélagi í Færeyjum sem upplegg í umræðu um kynningu. Umræður skapast um ímynd og hvert eigi að stefna, þar eru stjórnarmenn sammála um að stefna þarf að því samræma útlit og nýta fagþekkingu til að vel takist til. Mikilvægt að finna hönnuð til að vinna með til að móta heildargrafík fyrir Austurbrú, vera þarf sérstaklega vakandi yfir kostnaði. Karli falið að vinna að þessu ásamt hópnum.

5. Önnur mál, erindi og bréf.

Valdimar fjallar um að nú er eitt ár liðið frá sameiningu og nú þurfi að huga að stefnumótun til framtíðar. Hann fer fram á það við stjórnarmenn að þeir sendi upplýsingar til hans eða Karls varðandi erindi á stjórnarfundi. Tvö erindi eru nefnd sem óskað er eftir að tekin verði fyrir á næsta fundi, Arnbjörg biður um stöðuskýrslu vegna sóknaráætlana og Anna Dóra biður um að staða fjármála verði kynnt.

Erindi frá Sverri, hann fer fram á að Karl víki af fundi kl. 17.00, hann mætir aftur kl. 17.20. Trúnaðarmál- bókað í trúnaðarmálabók.



Næsti stjórnarfundur ákveðinn 13. ágúst klukkan 15.00.

Fundur framkvæmdaráðs ákveðinn 17. ágúst kl. 9.00 á Vonarlandi.

Fundi slitið kl. 17.30

Valdimar O. Hermannsson

Arnbjörg Sveinsdóttir

Anna Dóra Helgadóttir

Auður Ingólfssdóttir

Rögnvaldur Ólafsson

Stefán Bogi Sveinsson

Sverrir Mar Albertsson

Þórunn Eymundardóttir